



Reglur vegna útleigu íþróttasalar fyrir mannfagnaði aðra en íþróttaviðburði

- 1) Heimilt er að leigja félagasamtökum íþróttasalinn undir ráðstefnur, fundi, vörुकynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er til útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.
- 2) Leggja skal inn umsókn um leigu til umsjónarmanns Íþróttamannvirkja. Úthlutar umsjónarmaður húsinu að fengnu samþykki bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.
- 3) Verði leiga íþróttasalar samþykkt skv. ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:
 - a. Leigutaki tilgreinir ábyrgðaraðila sem persónulega gengur í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.
 - b. Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.
 - c. Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.
 - d. Starfsmaður Íþróttamiðstöðvar sé á vakt og gæti hann að undirbúningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.
 - e. Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttahúsið. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um sérstaklega til bæjarstjórnar.
 - f. Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.
 - g. Eftir útleigu skal umsjónarmaður Íþróttamannvirkja taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

4) Gjaldskrá vegna útleigu salar til stærri viðburða.

Salarleiga

Fyrir hverja kls.	7.600
Fyrir allt íþróttahúsið í sólarhring	125.700
Fyrir allt íþróttahúsið – eina helgi	226.700
Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 30% álag ofan á salarleigu.	
Prifagjald maður pr. klst.	7.000

Leiga skal greidd fyrirfram.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 14. desember 2023,
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.